

Nd.

248. Nefndarálit

um frumv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta hefir í einhverri mynd legið fyrir 3 þingum og jafnan úr hömlu dregist.

1927 vann stjórnskipuð nefnd að undirbúningi þess og skilaði álit á þingi 1928, sem að nokkru var þá til fyrirmyndar haft; en frv. þau, sem upp af því spruttu, á þskj. 214, 253 og 611, dógnðu uppi, enda skiftust þá skoðanir mjög nm aðferðir og leiðir.

Líknr skoðanamunnur hefir að þessu sinni valdið því, að málið hefir verið borið fram í tveim ólíknm frv., á þskj. 40 og 43, þótt hjer sje aðeins frv. á þskj. 43 til meðferðar haft.

Sjávarútvegsnefnd hefir nú um sinn unnið að þessn máli og leitast við að leiða saman mismunandi stefnur. Hafa 4 nefndarmenn orðið sammála um að byggja tillögur sínar að miklu leyti á till. meiri hl. nefndarinnar frá 1928 (þskj. 611) og sameina með þeim hætti þær tvær stefnur nndanfarins tíma, að byggja upp stofnlánasjóð án rekstrarlánadeildar, eða einhliða rekstrarlánasjóð.

Starfssvið Fiskiveiðasjóðs viljum vjer einskorða við báta og smáskip, svo sem ætlað var við stofnun sjóðsins 1905. Sú grein útgerðar hefir átt við erfiðnst lánskjör að búa, en er þó flestum öðrn m atvinnugreinnm líklegri til samvinnu-starfsemi og fjölgnnar sjálfstæðum atvinnurekendum. Hinsvegar mnndi lánsstofn-
nn, sem fullnægði einnig þeim stórfeldari útgerðarfyrirtækjum, verða of fjárfrek og jafnvel síður þörf meðan þan fyrirtæki sitja fyrir lánveitingum aðalbankanna.

Um fjáröflun sjóðnnm til handa höfum vjer talið rjettast að hverfa frá sölu vaxtabrjefa, sem bæði myndi nokkuð óviss á þröngum verðbrjefamarkaði og líkleg til að þyngja vaxtakjör, er brjefin seldust með miklnm afföllum. Ætl-
nnm vjer rikissjóði í þess stað að leggja fram 500000 kr. stofn með vægum vaxta-
kjörum þegar í byrjun til rekstrarlána, en auk þess 60000 kr. árstíllag nm 10 ár, sem ásamt eignum þess gamla sjóðs myndi stofnlánadeild.

Framlög þessi, sem að nokkrn eru hliðstæð framlögum til Byggingar- og landnámssjóðs, álitnm vjer rikissjóði ljetthæra kvöð móts við tekjnr þær, sem af útveginum fljóta.

Vaxtakjör sjóðsins ætlumst vjer til, að verði nokkru vægari en alment gerist, svo sem verið hefir nm útgerðarlán sjóðsins undanfarið, enda ætlnmst vjer til, að rekstrarlán öll verði skammæ og aldrei yfir 2 missiri.

Loks leggum vjer til, að stjórn sjóðsins verði falin Landsbankannm. Hann og útibú hans hafa nú svo víða á hendi útlánsstarfsemi vegna bátaútvegsins, að þeir ættu að þekkja öðrn m betur hagi og þarfir viðskiftamanna. Má því ætla, að skifting fjárens milli útgerðarhjeraða og öll stjórn sjóðsins verði þar sam-
ræmilegri en vænst verður eftir hjá staðbundnari stofnnnm.

Fiskiveiðasjóður verður að vísu eftir tillögnm vorum mikln smáskornari

en æskilegt hefði verið. Þó teljum vjer, að bátaútveginum einnm geti orðið að honum mikill styrknr, ef vel er á haldið, einnm ef fyrirhugaðir sveitabankar störfuðu samtímis og styddu jafnhliða útveg bænda þeirra, er á ströndunnm búa. Vjer viljum og vænta þess, að siðar gefist færi á að afla sjóðnm aukins fjárstofns, ef sámilega tekst um stjórn og starfsemi hans á næstu árn.

Eftir framansögðn breytist frv. i vernlegnm atriðnm, þótt meginstofn þess og mörg fyrirkomnagsatriði haldist, og leggjum vjer til, að það verði samþykkt svo sem það fer hjer á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. orðist svo:

Tilgangnr Fiskiveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með haldkvæmnm lánnm.

2. 2. gr. orðist þannig:

Höfnðstóll sjóðsins er:

- I. Eignir hins gamla fiskiveiðasjóðs, i peningum og skuldabryfnum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.
- II. 60000 kr. árlegt framlag til sjóðsins úr rikissjóði í 10 ár, en þaðan af 30000 kr. á ári.
- III. 500000 kr., sem rikissjóðnr með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnm til fyrst nm sinn, jafnframt og lög þessi ganga í gildi, og greiðast rikissjóði árlega 4% vextir af því fje.

3. 3. gr. orðist svo:

Fiskiveiðasjóður skiftist i 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *skipakaupadeild* og *rekstrarlánadeild*. Undir skipakaupadeild fellur fje það, sem talið er I. og II. lið 2. gr., en fje eftir III. lið fellnr undir rekstrarlánadeild. Óvissar tekjnr sjóðsins og árlegnr tekjuafgangur skiftist jafnt milli beggja deilda hans.

4. 4. gr. orðist svo:

Fje skipakanpadeildar má eingöngu lána til:

- a) skipakanpa, alt að 50 rúmlesta.
- b) stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi.

Lán úr rekstrarlánadeild veitast til útgerðar og rekstrar fiskibáta, alt að 30 rúmlesta, og til fiskimanna, sem verka hlut sinn sjálfir og selja. Má lán þessi veita gegn veði í fiskifeng, sem á land er kominn, eða öðrum tryggingum, sem sjóðsstjórnin teknr gildar.

Aldrei sknlr slík lán veitt eða framlengd lengur en svo, að hverjn láni sje lokið á ársfresti, og sknlr vextir vera að minsta kosti 1/2% nndir gildandi vixilbankavöxtum.

5. 5. gr. verði þannig:

Skipakanpalán má veita til 10 ára og mega þau nema alt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 25000 kr. til eins lánþega.

Lán til iðjufyrirtækja veitast til alt að 15 árum, og mega þau nema

$\frac{1}{8}$ stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað ekki fara fram úr 35000 kr.

Vextir lána eftir þessari grein skulu að jafnaði ekki fara fram úr $5\frac{1}{8}\%$.

6. 6. gr. verði þannig:

Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:

- a) gegn fasteignaveði, allt að $\frac{2}{5}$ af virðingarverði veðsins, og hvíli engar skuldbindingar á veðinu á nndan veðrjetti sjóðsins.
- b) gegn fyrsta veðrjetti í skipnum, sem eigi sigla til útlanda, allt að helmingi virðingarverðs þeirra, enda gangi þá veðrjettur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipinn, þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti.

7. 7. gr. orðist þannig:

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, sem ger verður ákveðið í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur heimtað endurmat á slíkum eignum, hvenær sem þær ganga úr sjer, gallast eða rýrna á einhvern veg.

8. 8. gr. orðist þannig:

Landsbankanum skal falin stjórn sjóðsins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður, og lætur bankinn útibú sín annast útlánsstarfsemina í þeim firnari landshlutum. Skal útlánsfjenn skift sem jafnast eftir útgerðarmagni báta í þeim einstöku landshlutum.

9. 9. gr. orðist þannig:

Atvinnmálaráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á stjórn sjóðsins.

10. 10. gr. orðist svo:

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1930, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52 1905 og lög nr. 29 1907, sem og önnur fyrirmæli í lögum, skipnlagsskrá og reglugerð, er fara í bága við lög þessi.

11. 11.—27. gr. frv. falli niður.

Alþingi, 2. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson, Magnús Torfason. Jóhann P. Jósefsson. Ólafur Thors.
form. og frsm.